

Reykjavík, 25/01/2024

**Iðan - fræðslusetur** hefur móttengið umsókn þín um sveinspróf í rennismíði. Skriflegt próf og verklegt próf verður haldið í **Tækniskólanum í Hafnarfirði** og þú ert beðinn að mæta þar samkvæmt dagskrá hér að neðan.

### **Sveinspróf í rennismíði fer fram dagana 16. – 18. febrúar 2024.**

Skriflegt próf fer fram þann 16. febrúar í Tækniskólanum í Hafnarfirði og hefst kl. 9<sup>00</sup> og lýkur kl. 12.<sup>00</sup>.

Verklegt próf hefst kl. 13:00, 16. febrúar, og kl. 8:00, 17. og 18. febrúar og lýkur eigi síðar en kl. 18<sup>00</sup> þann 18. febrúar. Matartími er frá kl. 12<sup>00</sup> til 13<sup>00</sup>.

### **Sveinspróf í rennismíði:**

Sveinspróf í rennismíði er skipt upp í tvo þætti: skriflegt próf og smíðaverkefni og er hvor þáttur metinn sérstaklega. Fyrir smíðaverkefnið er ennfremur gefið fyrir vinnuhraða og nákvæmni. Próftaki þarf að standast í öllum þáttum prófsins til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum af þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

### **Skriflegt próf, 3 klst.**

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er úr í prófinu eru: Öryggisfræði, ýmsir útreikningar til dæmis vegna tannhjóla, fræsunar og rennslis. Þá má búast við spurningum um verkframkvæmd auk almennra spurninga úr faginu.

### **Smíðaverkefni**

Smíðaverkefnið er hlutur þar sem gerðar eru kröfur um ýmsa hæfni í smíði sem próftaki verður að sýna frammá að hann hafi getu og þekkingu til að nota. Þá reynir einnig á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð verkfæra, mælitækja, lestur teikninga og vélavinnu. Verklegt próf er allt að 16 klst.

### **Tæki sem heimilt er að nota í prófinu**

Kynning á tækjum á prófstað verður fimmtudaginn 15. febrúar frá kl 18<sup>00</sup> til 20<sup>00</sup> í samráði við Guðmund Ólaf.

### **Prófsýning**

Prófsýning verður auglýst síðar.

Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir prófsýningu.

### **Efnislisti:**

Verður kynntur síðar.

Það skal tekið fram að hér er um lágmarksstærðir að ræða.

Bent er á að, ef próftaki gerir mistök við smíði á stykki sínu er honum frjálst að halda áfram eftir að hann hefur útvegað sér nýtt efni, til að geta haldið áfram vinnu við prófstykkið.

*Sveinsprófsnefnd í rennismíði,*  
Gunnsteinn Smáráson  
Helgi Stefánsson  
Steindór Hrannar Grímarsson